



- Er búið að fara með eftirvagninn í lögbundna skoðun? Já Nei
- Má bíllinn draga þann eftirvagn sem ferðast er með? Já Nei
Í skráningarskírteini kemur fram hversu þungan eftirvagn viðkomandi bíll má draga.
- Er þess gætt að setja ekki svo mikinn farangur í eftirvagninn að hann verði of þungur? Já Nei
- Er eftirvagninn festur tryggilega aftan í bílinn ásamt öryggisvír? Já Nei
- Er þess gætt að setja hliðarspeglar á bílinn ef eftirvagninn byrgir sýn? Já Nei
- Ef gas er notað innandyrar er gasskynjari til staðar? Já Nei
Gasskynjari á að vera staðsettur niður við gólf.
- Er farið reglulega yfir lagnir frá gaskút að tengdum tækjum yfir sumarið? Já Nei
- Er reykskynjari, eldvarnarteppi og slökkvitæki til staðar þar sem gas er í föstum lögnum í eftirvagninum? Já Nei
Reykskynjari á að vera í loftinu og eldvarnarteppi og slökkvitæki eiga að vera sýnileg og á aðgengilegum stað.
- Er vindafar alltaf skoðað áður en lagt er af stað? Já Nei
Upplýsingar um vindafar má sjá á Vegasjá á vegagerdin.is, í síma 1777, á vedur.is og á textavarpinu. Gott er að miða við að fara ekki af stað ef meðalvindhraði fer yfir 15 m/sek því þá geta vindhviður farið upp í 24-26 m/sek.
- Er dregið úr hraða ef ekið er í miklum vindi? Já Nei
Ökum á jöfnum hraða, höfum nægt bil á milli bíla, tökum ekki framúr öðrum, bremsum ekki snögg þegar vindhviða skellur á og stöðvum ökutæki ef vindur er mjög mikill.
- Eru dekk í lagi m.a. út frá þrýstingi og dýpt dekkjamunsturs? Já Nei
Dýpt dekkjamunsturs á að vera að lágmarki 1,6 mm. Upplýsingar um þrýsting í dekkjum viðkomandi bíls er yfirleitt að finna í hurðarfalsi bílstjóramegin eða í handbók bílsins.
- Eru öll ljós eftirvagnsins í lagi? Já Nei
- Er eftirvagninum alltaf læst og verðmæti ekki látin sjást utan frá þegar hann er yfirgefinn? Já Nei
- Er munað eftir því að tjaldsvæði eru líka leiksvæði barna og að aka og bakka eigi af mikilli gát? Já Nei
- Er virkur kolsýrlingsskynjari í vel þéttum eftirvagni þar sem gas er notað, t.d. í hjólhýsi? Já Nei
Kolsýrlingsskynjari nemur súrefnisþurrð í umhverfinu og gengur fyrir rafhlöðu.